



FISK Seafood ehf.
Ársreikningur 2022
Samstæða og móðurfélag

FISK Seafood ehf.
Háeyri 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 461289-1269

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Viðauki I: Stjórnarháttayfirlýsing	24
Viðauki II: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	26

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur FISK Seafood ehf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn tekur til félagsins og dótturfélaga þess, sem í lok árs 2022 voru Soffanías Cecilsson ehf., FISK Seafood fjárfesting ehf., Ölduós ehf., Kiddi Dóra ehf. og Steinunn ehf. Þann 30. júní 2022 var dótturfélagið Brennigerði ehf. sameinað móðurfélaginu.

FISK Seafood ehf. er einkahlutafélag. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem á og rekur þrjú ferskfisktogara, einn frystitogara, einn bát og fiskvinnslu á Sauðárkróki. Í samstæðunni er rekstur ferskfisktogara og saltfiskverkunar í Grundarfirði, fjárfestingarstarfsemi, rekstur smábátaútgerðar og útgerð dragnótáþáts. Afurðir félagsins eru nær eingöngu seldar á erlendum mörkuðum.

	2022 (í þús. kr.)	2021 (í þús. kr.)
Starfsemin á árinu		
Hagnaður samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi	99.913	3.634.117
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	48.487.706	49.983.521
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	32.818.927	33.189.014
Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	68%	66%
Fjöldi ársverka á árinu	273	283

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 30% milli ára, sem má rekja beint til minnkandi áhrifa af Covid-19 og hás afurðaverðs á helstu mörkuðum samstæðunnar. Seinni part ársins fór versnandi efnahagsástand í helstu viðskiptalöndum samstæðunnar að hafa áhrif á afurðaverð og á sama tíma hækkaði verð á öllum aðföngum.

Bolfiskvinnslur félagsins á Sauðárkróki og í Grundarfirði unnu úr rúmlega 12 þúsund tonnum af hráefni á árinu sem skilaði rúmlega 9 þúsund tonnum af afurðum. Sjósókn gekk vel enda tíðarfar gott. Ísfiskskip félagsins veiddu rúm 16 þúsund tonn, frystitogari tæp 8 þúsund tonn og bátar rúm 3 þúsund tonn. Mikill niðurskurður var á botnfiskheimildum samstæðunnar kvótaárið 2022/2023, eða 6% í þorski og 20% í gull- og djúpkarfa. Aukning í ysu nam hins vegar 23%. Frá kvótaárinu 2020/2021 til 2022/2023 hafa úthlutaðar heimildir samstæðunnar í þorski verið skertar um 20%, í gullkarfa um 39% og djúpkarfa um 49%.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 540 milljónir króna, en þar var stærst nýbygging að Sandeyri 2, Sauðárkróki. Á árinu var Háskólanum á Hólum afhent með gjafaafsali húsnæði seiðaeldisstöðvar í eigu félagsins á Hólum í Hjaltadal.

Óvissuþættir í rekstrinum eru margir. Fiskimiðin geta verið misjafnlega gjöful á milli ára og gæftir til sjósóknar háðar veðurguðunum. Heimsmarkaðurinn er sömuleiðis óútreiknanlegur hvað varðar framboð, eftirspurn og verðlagningu. Ákvarðanir stjórnvalda um aflaheimildir á hverjum tíma eru einnig stór áhættuþáttur. Stríðsátökin í Úkraínu höfðu ekki bein áhrif á rekstur samstæðunnar þar sem afurðir eru hvorki seldar á þeim markaði né í Rússlandi. Óbein áhrif eru hins vegar hækkan á olíuverði og öðrum aðföngum.

Kynjahlutfall

Í stjórn félagsins eru 5 stjórnarmenn, 3 karlar og 2 konur og í varastjórn sitja 3 karlar og 2 konur. Karlmenntu eru 64% af stjórnendum samstæðunnar. Starfsmenn samstæðunnar voru 278 í árslok, 78% karlar og 22% konur.

Framtíðin

Áætlanir gera ráð fyrir að árið 2023 verði með svipuðum hætti og árið á undan. Tekjur koma til með að aukast en einnig tilkostnaður. Búið er við því að markaðir fyrir afurðir samstæðunnar verði sterkir og verð hátt. Frekari kvótaskerðingar í botnfiski geta haft áhrif á rekstur samstæðunnar síðari hluta ársins. Ljóst er að bregðast verður við frekari skerðingum í botnfiskkvóta með breyttu útgerðarmynstri.

Áhrif Covid-19 á rekstur samstæðunnar

Að mati stjórnenda er afar lítil óvissa um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina lítið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki verið veruleg. Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við krefjandi aðstæður, hvort sem lítið er til veiða, vinnslu, sölu afurða, efnahags eða lausafjárstöðu.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Hluthafar

Hlutafé FISK Seafood ehf. er allt í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Engin breyting varð á hluthafahópnum á árinu og hlutafé félagsins í árslok nam 1.056 milljónum króna.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Eigin hlutir

Félagið átti eigin hluti að nafnvirði 14,9 milljónir króna í árslok. Engir eigin hlutir voru keyptir eða seldir á árinu.

Stjórnarhættir

Stjórn FISK Seafood ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Sjá nánar Viðauka I, Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig spornað er gegn spillinger- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins o.fl. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í Viðauka II með ársreikningnum. Samhliða útgáfu ársreiknings fyrir árið 2022 gefur félagið út samfélagsskýrslu í annað sinn og eykur það til muna gagnsæi í rekstri félagsins. Skýrslan er aðgengileg á vef FISK Seafood ehf.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi samkvæmt okkar bestu vitneskju glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn, ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, gefi glögg yfirlit um þróun, árangur og stöðu í rekstri samstæðunnar auk þess að lýsa helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri FISK Seafood ehf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Sauðárkróki 25. maí 2023

Í stjórn

Þórólfur Gíslason
stjórnarformaður

Bjarni P. Maronsson
varaformaður

Sigurjón Rúnar Rafnsson

Ingileif Oddsdóttir

Herdís Á. Sæmundardóttir

Framkvæmdastjóri

Friðbjörn Ásbjörnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa FISK Seafood ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings samstæðu og móðurfélags

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags FISK Seafood ehf. („samstæðan og móðurfélagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningur samstæðu og móðurfélags („ársreikningurinn“) hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir samstæðuna og móðurfélagið.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins samstæðu og móðurfélags* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni og móðurfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur félagsins árið 1990 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Megináherslur við endurskoðun

Aflaheimildir

Bókfærðar aflaheimildir nema 23.353 millj. kr. í árslok 2022 eða um 48% af heildareignum samstæðunnar. Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnisleg eign með ótakmarkaðan líftíma. Í árslok 2022 framkvæmdu stjórnendur virðisrýrnunarpróf til að meta hvort endurheimtanlegt virði þeirra sé umfram bókfært verð þeirra á reikningsskiladegi.

Aflaheimildir eru lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem þær eru stór hluti heildareigna og vegna forsendna sem eru til hliðsjónar og tengjast mati þeirra.

Í skýringu 10 er fjallað um virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt var á aflaheimildum samstæðunnar í árslok og í skýringu 3e er fjallað um reikningsskilaaðferðir sem eiga við.

Endurskoðun á megináherslum

Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar lögðum mat á forsendur sem stjórnendur nota við mat á virði aflaheimilda. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks félaga í samstæðunni.
- Við staðfestum og berum saman verð sem lögð eru til grundvallar matinu við nýleg viðskipti með aflaheimildir.
- Forsendur stjórnenda voru bornar saman við ytri og innri gögn.
- Lagt var mat á reiknilíkan félagsins og niðurstöður voru endurreiknaðar.
- Við yfirforum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi samstæðu og móðurfélags

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings samstæðu og móðurfélags í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna eða félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings samstæðu og móðurfélags

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings samstæðu og móðurfélags frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi samstæðu og móðurfélags hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fólsum, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings samstæðu og móðurfélags í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ólafur Már Ólafsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík 25. maí 2023.

KPMG ehf.

Ólafur Már Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2022	2021	2022	2021
Rekstrartekjur	4	13.521.347	10.369.762	11.296.033	8.517.929
Kostnaðarverð seldra vara	4	(9.323.941)	(7.069.316)	(7.684.923)	(5.877.909)
Vergur hagnaður		4.197.406	3.300.446	3.611.111	2.640.020
Aðrar tekjur	4	559.459	1.438.178	1.013.981	1.687.529
Sameiginlegur kostnaður og yfirstjórn		(1.032.094)	(777.251)	(1.683.359)	(1.316.692)
		(472.635)	660.927	(669.378)	370.837
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		3.724.771	3.961.372	2.941.733	3.010.857
Afskriftir	11	(706.558)	(699.428)	(502.480)	(465.422)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		3.018.213	3.261.945	2.439.253	2.545.435
Fjármunatekjur		41.877	11.163	21.338	9.270
Fjármagnsgjöld		(456.738)	(418.786)	(194.814)	(170.392)
Gangvirðisbreyting eignarhluta		(2.491.880)	591.295	(2.491.880)	591.295
Gengismunur		(283.900)	353.932	(117.572)	(43.739)
		(3.190.640)	537.604	(2.782.928)	386.434
Hagnaður fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga		(172.427)	3.799.549	(343.675)	2.931.869
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	13	0	0	821.296	1.346.502
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	14	872.869	731.379	32.744	54.561
		872.869	731.379	854.041	1.401.063
Hagnaður fyrir tekjuskatt		700.441	4.530.928	510.366	4.332.932
Tekjuskattur	8	(546.098)	(615.914)	(426.408)	(422.633)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		154.343	3.915.014	83.958	3.910.299
Aflögð starfsemi	9	(54.431)	(280.897)	(54.431)	(280.897)
Hagnaður ársins	18	99.913	3.634.117	29.527	3.629.402
Hagnaður ársins sem tilheyrir:					
Eigendum móðurfélagsins		29.527	3.629.402		
Hlutdeild minnihluta		70.385	4.715		
		99.913	3.634.117		

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Eignir					
Óefnislegar eignir	10	24.025.848	24.169.933	9.960.887	9.960.887
Rekstrarfjármunir	11	7.088.073	7.153.657	6.140.702	6.038.797
Eignarhlutir í dótturfélögum	13	0	0	16.447.973	15.696.653
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	11.378.325	10.782.096	614.111	581.367
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	1.866.529	4.145.174	1.862.073	4.140.018
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		120.250	49.100	0	0
Fastafjármunir samtals		44.479.025	46.299.960	35.025.746	36.417.722
Birgðir	16	1.090.996	646.974	820.541	425.474
Viðskiptakröfur	17	1.697.967	1.538.904	1.577.684	1.452.430
Kröfur á tengda aðila	22	210	465.385	1.688.682	2.341.010
Ýmsar skammtímakröfur		130.301	134.785	86.157	116.778
Skuldabréf		53.116	50.000	0	0
Handbært fé		1.036.091	847.513	152.620	250.564
Veltufjármunir samtals		4.008.681	3.683.561	4.325.684	4.586.256
Eignir samtals		48.487.706	49.983.521	39.351.430	41.003.978
Eigið fé					
Hlutfé	18	1.055.628	1.055.628	1.055.628	1.055.628
Yfirverðsreikningur		238.175	238.175	238.175	238.175
Annað bundið eigið fé		3.417.242	4.512.339	3.417.242	4.512.339
Óráðstafað eigið fé		27.987.279	27.312.654	27.987.279	27.312.654
Eigið fé meirihluta eigenda		32.698.324	33.118.797	32.698.324	33.118.797
Hlutdeild minnihluta		120.603	70.217	0	0
Eigið fé samtals	18	32.818.927	33.189.014	32.698.324	33.118.797
Skuldbindingar					
Tekjuskattsskuldbinding	19	2.447.099	2.408.471	740.123	750.102
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	21	5.303.892	10.030.261	2.679.154	2.784.013
Langtímaskuldir samtals		5.303.892	10.030.261	2.679.154	2.784.013
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	20	1.438.181	2.803.395	1.438.181	2.803.395
Viðskiptaskuldir		492.049	425.785	427.735	355.567
Skuld við tengda aðila	22	78.296	57.268	370.305	438.583
Næsta árs afborgun langtímaskulda	21	4.876.596	335.983	183.126	178.412
Aðrar skammtímaskuldir		519.160	428.666	370.975	325.059
Ógreiddir skattar	8,19	513.505	304.678	443.508	250.051
Skammtímaskuldir samtals		7.917.787	4.355.774	3.233.828	4.351.067
Skuldir samtals		15.668.779	16.794.506	6.653.106	7.885.181
Eigið fé og skuldir samtals		48.487.706	49.983.521	39.351.430	41.003.978
Veðsetningar og ábyrgðir	12				

Skýringar

1. Félagið

FISK Seafood ehf. („félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Háeyri 1 á Sauðárkróki. Samstæðuársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðuársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðan“ og til einstakra félaga sem samstæðufélaga. Ársreikningurinn innifelur auk þess ársreikning móðurfélagsins.

Dótturfélög sem eru innifalin í samstæðuársreikningi eru eftirtalin:

	Eignarhluti	Starfsemi
Soffanías Cecilsson ehf.	100%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Steinunn ehf.	60%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Ölduós ehf.	100%	Sjávarútvegsfyrirtæki
FISK Seafood fjárfesting ehf.	100%	Eignarhaldsfélag
Kiddi Dóra ehf.	100%	Eignarhaldsfélag

FISK Seafood ehf. er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga svf. á Sauðárkróki. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskyldu að eignarhlutir í öðrum félögum sem hafa hlutabréf skráð á verðbréfamarkaði eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna síðan að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytingarinnar vara.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Fjárfestingar í dótturfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin. Í þeim tilvikum sem eignarhlutur í dótturfélagi er innan við 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Kaupaðferð er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgæminga og skulda sem stofnað er til eða tekna eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum eignum er skráð sem viðskiptavild. Viðskiptavild er gjaldfærð í rekstrarreikningi á tíu árum.

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.

a. *Grundvöllur samstæðu frh.*

(ii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður 20-50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði.

Fjárfesting samstæðunnar inniheldur viðskiptavild, sem verður til við kaupin, að frádreginni virðisrýmun, ef einhver er. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa þangað til þeim lýkur. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags, að meðtalinni langtímafjármögnun þess, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) *Hlutdeildaraðferð*

Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum er færð með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin og er færð í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í eiginfjárhreyfingum er færður á eigið fé. Mótttekinn arður er færður til lækkunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Verði hlutur samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags, að meðtalinni langtímafjármögnun þess, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti sem eiga uppruna sinn í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í árslok 2022. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. *Innlausn tekna*

Aflaverðmæti skipa og framleiðsla landvinnslu eru tekjufærð á áætluðu skilaverði í bókhaldi samstæðunnar. Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

d. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum og öðrum fjármagnskostnaði.

e. *Óefnislegar eignir*

Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma. Aflaheimildir eru ekki afskrifaðar en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði og matsvirði yfirtekinna eigna og skulda. Viðskiptavild er gjaldfærð í rekstrarreikningi á tíu árum.

f. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Skip	6-17 ár
Fasteignir og lóðir (land er ekki afskrifað)	12-33 ár
Vélar, áhöld og tæki	4-10 ár

3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.

g. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir félögum þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýmnunar. Eignarhlutir í félögum sem hafa hlutabréf skráð á verðbréfamarkaði eru færðir á markaðsverði og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

h. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum sölukostnaði. Birgðir eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- Afurðabirgðir eru metnar á reiknuðu meðalframleiðslukostnaðarverði.
- Hráefnisbirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði, dagverði eða reiknuðu kostnaðarverði eigin afla.
- Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði. Árleg veiðarfærakaup eru að jafnaði færð til gjalda með jöfnum fjárhæðum á tveimur árum.

i. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýmun. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Hlutfé

Við kaup á eigin bréfum er kaupverðið, að meðtöldum kostnaði sem tengist kaupunum, færð til lækkunar á eigin fé. Ef eigin bréf eru seld færast salan til hækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap.

l. Vaxtaberandi lán

Vaxtaberandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðeigandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti. Lán í öðrum myntum en uppgjörsmýnt eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok árs. Næsta árs afborganir af vaxtaberandi lánum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

m. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

n. Tekjuskattsskuldbinding/skatteign

Tekjuskattsskuldbinding/skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, þá er hann færður á eigið fé. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutfall. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstigi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur og kostnaðarverð seldra vara

a. Rekstrartekjur greinast þannig eftir starfsþáttum:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Aflaverðmæti skipa	8.929.560	6.516.231	8.105.944	6.006.493
Framleiðsluverðmæti fiskvinnslu	7.427.793	6.216.230	5.775.345	4.620.454
Afli til eigin nota	(2.836.007)	(2.362.699)	(2.585.256)	(2.109.018)
Tekjur samtals	13.521.347	10.369.762	11.296.033	8.517.929

b. Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

Rekstrargjöld útgerðar	7.161.906	5.419.469	6.042.830	4.599.954
Rekstrargjöld fiskvinnslu	4.998.041	4.012.546	4.227.348	3.386.973
Afli til eigin nota	(2.836.007)	(2.362.699)	(2.585.256)	(2.109.018)
Kostnaðarverð seldra vara samtals	9.323.941	7.069.316	7.684.923	5.877.909

Aðrar tekjur eru að stærstum hluta vegna leigu á veiðiheimildum auk söluhagnaðar og tryggingabóta.

5. Breytingar á samstæðunni

Þann 30. júní 2022 var dótturfélagið Brennigerði ehf. sameinað móðurfélaginu.

Áhrif á efnahagsreikning greinast þannig:

Rekstrarfjármunir	150.000
Veltufjármunir	982
Yfirteknar eignir samtals	150.982
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	8.740
Yfirteknar skuldir	8.740

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	Samstæða		Móðurfélag	
	2022	2021	2022	2021
Laun	4.060.151	3.106.732	3.291.095	2.541.839
Lífeyrisiðgjöld	416.826	330.879	337.733	271.683
Önnur launatengd gjöld	366.504	271.165	299.548	222.573
Annar starfsmannakostnaður	236.915	158.576	210.910	141.780
Laun og launatengd gjöld samtals	5.080.395	3.867.353	4.139.286	3.177.876
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:				
Kostnaðarverð seldra vara	4.731.803	3.584.356	3.876.682	2.959.461
Sameiginlegur kostnaður og yfirstjórn	348.592	282.997	262.604	218.415
Laun og launatengd gjöld samtals	5.080.395	3.867.353	4.139.286	3.177.876
Ársverk	273	283	219	224
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	79.528	69.927	53.328	45.727

7. Þóknanir til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:	2022	2021
Endurskoðun ársreiknings	8.863	8.990
Önnur vinna	4.681	7.906
Samtals	13.544	16.896

8. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur móðurfélagsins greinist þannig:	2022	2021
Hagnaður fyrir skatta	455.935	4.052.035
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0%	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	91.187	810.407
Óskattskyldar tekjur	109,3%	0,2%
Aðrir liðir	(37,5%)	(2,9%)
Samtals	(170.875)	(118.326)
Aðrir liðir	1,7%	-6,8%
Samtals	7.717	(277.332)
Samtals	93,5%	10,4%
Samtals	426.408	422.633
Virkur tekjuskattur samstæðu greinist þannig:		
Hagnaður fyrir skatta	646.011	4.250.031
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,0%	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	129.202	850.006
Óskattskyldar tekjur	77,2%	0,2%
Aðrir liðir	(27,0%)	(2,8%)
Samtals	(174.574)	(118.326)
Aðrir liðir	14,4%	(2,9%)
Samtals	93.071	(123.650)
Samtals	84,5%	14,5%
Samtals	546.098	615.914

9. Aflögð starfsemi

Þann 31. desember var Háskólanum á Hólum afhent með gjafaafsali húsnæði seiðældisstöðvar félagsins á Hólum.

	2022	2021
Tap af rekstri bleikjudeildar á tímabilinu	(2.951)	(236.603)
Tap af sölu húsnæðis seiðældisstöðvar	(51.479)	(44.294)
Samtals	(54.431)	(280.897)

Skýringar, frh.:

10. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Samstæða	Móðurfélag
Viðskiptavild	672.401	0
Aflaheimildir	23.353.447	9.960.887
Bókfært verð 31.12.	24.025.848	9.960.887

Viðskiptavild

	2022	2021
Staða 1.1.	816.486	960.571
Afskrift ársins	(144.085)	(144.085)
Bókfært verð 31.12.	672.401	816.486

Viðskiptavild er til komin vegna kaupa á Soffaníasi Cecilssyni ehf. á árinu 2017. Viðskiptavildin er afskrifuð línulega á tíu árum. Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýmunarpróf á viðskiptavild félagsins. Lagt var mat á gangvirði eigna að frádregnum sölukostnaði. Niðurstaða matsins gaf ekki til kynna vísbendingar um virðisrýmun.

Aflaheimildir

	2022	2021
Staða 1.1.	23.353.447	17.916.069
Viðbót / yfirtekið á árinu	0	4.426.310
Keypt á árinu	0	1.011.068
Bókfært verð 31.12.	23.353.447	23.353.447

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma og er framkvæmt virðisrýmunarpróf á þeim að minnsta kosti árlega. Í árslok 2022 var framkvæmt virðisrýmunarpróf á aflaheimildum félagsins með því að reikna endurheimtanlegt virði þeirra. Niðurstaða prófsins leiddi ekki til virðisrýmunar á aflaheimildum.

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Hlutdeild í úthlutun	Úthlutaðar heimildir tonn	Hlutdeild í úthlutun	Úthlutaðar heimildir tonn
	2021	tonn	2021	tonn
Þorskur	6,5%	10.724	4,6%	7.616
Þorskur í noskri lögsögu	12,2%	502	12,2%	502
Þorskur í rússneskri lögsögu	12,2%		12,2%	
Ýsa	7,7%	3.688	5,9%	2.837
Ufsi	7,5%	4.240	6,9%	3.915
Karfi	7,1%	1.528	6,9%	1.475
Djúpkarfi	10,1%	607	9,9%	595
Grálúða	9,2%	1.212	9,2%	1.207
Skarkoli	18,3%	1.219	12,0%	802
Steinbítur	10,0%	691	7,0%	480
Gulllax	5,6%	609	5,6%	609
Úthafsrækja	12,8%	607	6,4%	306
Aðrar fisktegundir		250		146
		25.878		20.491
Aflaheimildir í þorskígildum		23.559		18.672

Aflaheimildir félagsins eru að uppistöðu til úthlutaðar heimildir en að því leyti sem aflaheimildir hafa verið keyptar sérstaklega eru þær eignfærðar sem aflaheimildir í efnahagsreikningi.

Heimildir miðast við úthlutun í september 2022. Heimildir í þorski í norskri lögsögu miðast við úthlutun í janúar 2023. Ekki er komin úthlutun í þorski í rússneskri lögsögu.

Úthlutun aflaheimilda í íslenskrri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Undanfarin ár hefur verið unnið að framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar og veiðigjalda. Áfram ríkir því óvissa um veiðigjöld og fiskveiðistjórnun og telja stjórnendur að ekki séu til staðar forsendur til að breyta mati aflaheimilda.

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

Móðurfélag	Skip	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	
				Samtals
Heildarverð 1.1.2022	6.792.272	2.438.760	2.306.995	11.538.027
Afskrifað áður	(2.735.632)	(1.301.921)	(1.461.677)	(5.499.231)
Bókfært verð 1.1.2022	4.056.640	1.136.839	845.318	6.038.797
Keypt á árinu		379.361	89.018	468.379
Selt og niðurlagt á árinu		(204.102)	(72.654)	(276.757)
Afskrifað á árinu	(273.665)	(53.090)	(175.725)	(502.480)
Afskrift færð út		158.115	61.132	219.246
Vegna sameiningar		193.516		193.516
Bókfært verð 31.12.2022	3.782.975	1.610.638	747.088	6.140.702
Heildarverð 31.12.2022	6.792.272	2.807.534	2.323.359	11.923.166
Afskrifað samtals 31.12.2022	(3.009.297)	(1.196.896)	(1.576.271)	(5.782.464)
Bókfært verð 31.12.2022	3.782.975	1.610.638	747.088	6.140.702
Afskriftahlutföll	6-15%	3-8%	10-25%	
Samstæða	Skip	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	
Heildarverð 1.1.2022	7.998.345	3.259.041	2.666.199	13.923.585
Afskrifað áður	(3.342.179)	(1.665.052)	(1.762.697)	(6.769.928)
Bókfært verð 1.1.2022	4.656.166	1.593.989	903.502	7.153.657
Keypt á árinu	2.852	442.967	103.569	549.389
Selt og niðurlagt á árinu		(204.102)	(82.608)	(286.711)
Afskrifað á árinu	(309.254)	(63.376)	(190.808)	(563.438)
Afskrift færð út		158.115	66.673	224.787
Vegna sameiningar		10.389		10.389
Bókfært verð 31.12.2022	4.349.764	1.937.982	800.327	7.088.073
Heildarverð 31.12.2022	8.001.197	3.508.295	2.687.160	14.196.652
Afskrifað samtals 31.12.2022	(3.651.433)	(1.570.313)	(1.886.832)	(7.108.579)
Bókfært verð 31.12.2022	4.349.764	1.937.982	800.327	7.088.073
Afskriftahlutföll	6-15%	3-8%	10-25%	

Þar sem markaðsverð skipa er talið verulega hærra en bókfært verð, er bókfært verð þeirra í ársreikningi hækkað og fært til samræmis við áætlað gangvirði. Bókfært verð skipa án endurmats er kr. 3.593 milljónir. Gangvirði endurmetinna eigna byggir á mati aðkeypra sérfræðinga.

Gjaldfærð afskrift í rekstrarreikningi samstæðunnar greinist þannig:

	2022	2021
Afskrift viðskiptavildar	144.085	144.085
Afskrift rekstrarfjármuna	556.501	521.688
Afskrift yfirverðs	5.971	33.655
Gjaldfærð afskrift í rekstrarreikningi samstæðu samtals	706.557	699.428

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir frh.

Vátryggingarverð og fasteignamat rekstrarfjármuna greinist þannig í árslok:	2022	2021
Fasteignamat fasteigna og lóða	3.125.551	2.425.445
Brunabótamat fasteigna og lóða	9.478.803	7.333.228
Vátryggingarverð skipa og búnaðar	7.785.253	7.768.035
Vátryggingarverð áhalda og tækja	3.600.541	2.922.107

12. Veðsetningar og ábyrgðir

Á eignum móðurfélagsins hvílir veð til tryggingar skuldum félagsins að fjárhæð 4.300 millj. kr. Móðurfélagið hefur að auki veitt veð í eignum vegna skulda dótturfélagsins Soffaníasar Cecilssonar ehf. að eftirstöðvum 2.784 millj. kr. Hjá dótturfélaginu FISK Seafood fjárfesting ehf. hefur eignarhlutur í Vinnslustöðinni hf. verið veðsettur fyrir eftirstöðvum lána að fjárhæð 4.534 millj. kr.

13. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum og hlutdeild í afkomu þeirra greinist þannig:

Árið 2022	Nafnverð í þús. kr.	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Soffanías Cecilsson ehf., Grundarfirði	50.000	100,0%	47.976	7.147.981
Kiddi Dóra ehf. Ólafsvík	1.000	100,0%	103.796	1.109.298
Ölduós ehf. Sauðárkróki	6.000	100,0%	103.653	1.661.018
FISK Seafood fjárfesting ehf. Sauðárkróki	1.000	100,0%	565.872	6.529.677
Samtals			821.296	16.447.973

Innan samstæðunnar er auk þess 60% eignarhlutur í Steinunni ehf. sem er dótturfélag Kidda Dóra ehf.

Árið 2021	Nafnverð í þús. kr.	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Soffanías Cecilsson ehf., Grundarfirði	50.000	100,0%	501.739	7.100.005
Kiddi Dóra ehf. Ólafsvík	1.000	100,0%	4.965	1.005.502
Ölduós ehf. Sauðárkróki	6.000	100,0%	86.791	1.557.365
Brennigerði ehf. Sauðárkróki	50.000	100,0%	(12.997)	69.977
FISK Seafood fjárfesting ehf. Sauðárkróki	1.000	100,0%	766.004	5.963.805
Samtals			1.346.502	15.696.653

14. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum í árslok og hlutdeild í afkomu þeirra greinist þannig:

Árið 2022	Eignarhluti	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Fóðurblandan hf., Reykjavík	25,3%	32.744	612.261
Verið vísindagarðar ehf., Sauðárkróki	33,0%	0	1.851
Móðurfélag samtals		32.744	614.111
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum	32,9%	838.136	10.748.539
Snæis hf., Grundarfirði	29,8%	1.988	15.675
Samstæða samtals		872.869	11.378.325

Árið 2021	Eignarhluti	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Fóðurblandan hf., Reykjavík	25,3%	54.561	579.516
Verið vísindagarðar ehf., Sauðárkróki	33,0%	0	1.851
Móðurfélag samtals		54.561	581.367
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum	32,9%	674.418	10.187.042
Snæis hf., Grundarfirði	29,8%	2.400	13.686
Samstæða samtals		731.379	10.782.096

Skýringar, frh.:

15. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	31.12.2022		31.12.2021	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Fært á markaðsverði:				
Iceland Seafood International hf.	305.998	1.851.286	278.998	4.129.166
Fært á kostnaðarverði:				
Dögun hf., Sauðárkróki	1.121	3.987	1.121	3.987
Fiskmarkaður Íslands hf., Ólafsvík	2.071	1.399	2.071	1.399
ISF Iceland sustainable fish.	100	1.765	100	1.765
Loðnuvinnslan hf., Fáskrúðsfirði	346	1.266	346	1.266
Stjörnu-Oddi hf., Reykjavík	134	1.059	134	1.059
Önnur félög		1.309		1.374
Móðurfélag samtals		1.862.073		4.140.018
Salka Fiskmiðlun hf., Dalvík			100	700
Sjávarkaup hf., Reykjavík	4.455	4.455	4.455	4.455
Samstæða samtals		1.866.529		4.145.174

16. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Afurðabirgðir	420.619	121.889	384.119	77.989
Hráefnisbirgðir	249.961	203.300	63.961	64.300
Rekstrarvörubirgðir	420.416	321.784	372.461	283.184
Birgðir í árslok	1.090.996	646.974	820.541	425.474

Vátryggingarverðmæti birgða nam 1.095 millj. kr. hjá móðurfélagi og 1.483 millj. kr. hjá samstæðu.

17. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Niðurfærsla í ársbyrjun	9.866	24.620	9.866	24.620
Gjaldfært á árinu	16	(14.753)	16	(14.753)
Niðurfærsla í árslok	9.882	9.866	9.882	9.866

18. Eigið fé

(i) Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.070 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Hlutfé móðurfélagsins í ársreikningi greinist þannig:

Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins	1.070.529
Eigin hlutabréf 1,4%	(14.901)
Útistandandi hlutfé í árslok	1.055.628

(ii) Yfirverðsreikningur hlutafjár

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir þá fjárhæð sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt.

(iii) Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutafjár. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota þá fjárhæð sem umfram er til þess að hækka hlutfé eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa. Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur nema samtals hærri fjárhæð en sem nemur einum fjórða hluta hlutafjárins.

Skýringar, frh.:

18. Eigið fé frh.

(iv) Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. grein ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga umfram móttækinn eða úthlutaðan arð frá viðkomandi félagi á undirritunardegi. Að auki er færð á bundið eigið fé fjárhæð sem samsvarar tekjufærslu vegna gangvirðisbreytinga annarra hlutabréfa.

(v) Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.	1.055.628	238.175	4.512.339	27.312.654	33.118.797
Greiddur arður				(450.000)	(450.000)
Hagnaður ársins				29.527	29.527
Upplausn endurmats			(48.300)	48.300	0
Bundið eigið fé			(1.046.797)	1.046.797	0
Eigið fé 31.12.	1.055.628	238.175	3.417.242	27.987.278	32.698.325
Annað bundið eigið fé greinist þannig:				31.12.2022	31.12.2021
Lögbundinn varasjóður				56.910	56.910
Bundið eigið fé vegna hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga				2.764.632	1.910.591
Bundið eigið fé vegna gangvirðisbreytinga annarra hlutabréfa				0	1.900.838
Endurmat fastafjármuna				595.700	644.000
Annað bundið eigið fé samtals				3.417.242	4.512.339

19. Tekjuskattsskuldbinding

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:				
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.408.471	1.918.843	750.101	418.993
Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins	546.098	615.913	426.408	422.633
Leiðrétt frá fyrra ári	6.036	90.120	7.122	(2.474)
Fært til lækkunar á skatteign dótturfélags	0	(72.727)	0	0
Tekjuskattur vegna liða færðir beint á eigið fé	0	161.000	0	161.000
Tekjuskattur til greiðslu	(513.506)	(304.678)	(443.508)	(250.051)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	2.447.099	2.408.471	740.123	750.101

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eintaka liði efnahagsreiknings:

Aflaheimildir	1.806.653	1.827.886	90.037	90.037
Rekstrarfjármunir	704.827	674.183	656.558	647.796
Viðskiptakröfur	13.905	12.650	13.905	12.650
Gengismunur og aðrir liðir	(15.515)	(4.070)	(18.592)	730
Birgðir	(1.785)	(1.112)	(1.785)	(1.112)
Skatteign af yfirfæranlegu tapi	(60.985)	(101.066)	0	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	2.447.099	2.408.471	740.122	750.101

FISK Seafood er ekki samskattað með dótturfélögum sínum. Dótturfélagið Soffanías Cecilsson á yfirfæranlegt tap að fjárhæð 304 millj. kr. í árslok. Þar sem félögin eru ekki samsköttuð er skatteign og tekjuskattsskuldbindingu ekki jafnað í efnahagsreikningi samstæðunnar. Skattalegt tap Soffanías Cecilssonar er frá árinu 2016 og er nýtanlegt til ársins 2026.

Skýringar, frh.:

20. Skammtímalán

Skammtímalán móðurfélagsins eru lánalínur í íslenskum krónum hjá viðskiptabönkum félagsins.

21. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Lán í íslenskum krónum	0	119.022	0	0
Lán í evrum	10.180.488	10.247.222	2.862.280	2.962.424
Langtímaskuldir samtals	10.180.488	10.366.244	2.862.280	2.962.424
Næsta árs afborgun	(4.876.596)	(335.983)	(183.126)	(178.412)
Langtímaskuldir	5.303.892	10.030.261	2.679.154	2.784.013

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
Afborgun 2023/2022	4.876.596	335.983	183.126	178.412
Afborgun 2024/2023	342.201	4.753.651	183.126	178.412
Afborgun 2025/2024	342.201	335.983	183.126	178.412
Afborgun 2026/2025	342.201	335.983	183.126	178.412
Afborgun 2027/2026	342.201	335.983	183.126	178.412
Afborgun síðar	3.935.090	4.268.660	1.946.652	2.070.367
	10.180.488	10.366.244	2.862.280	2.962.424

Lán dótturfélagsins Soffanías Cecilsson ehf. í evrum að eftirstöðvum 2.800 millj. kr. er með tuttugu ára endurgreiðslutíma en er með framlengingarákvæði annað hvert ár að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Lán dótturfélagsins FISK Seafood fjárfesting ehf. í evrum að eftirstöðvum 4.500 millj. kr. greiðist með einni greiðslu í lok lánstímans 2023 og er því fært sem skammtímaskuld. Lánið verður endurnýjað á gjalddaga.

Skýringar, frh.:

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, systurfélög, dóttur- og hlutdeildarfélög ásamt lykilstjórnendum og félögum þeim tengdum.

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2022	2021
Sala á vöru og þjónustu		
Móðurfélag, samstæðufélög	22.724	14.362
Dótturfélög	1.183.429	1.010.693
Hlutdeildarfélög	0	0

Vaxtatekjur:

Móðurfélag, samstæðufélög	4.768	5.831
---------------------------------	-------	-------

Kostnaður

Móðurfélag, samstæðufélög	513.971	414.384
Dótturfélög	834.159	719.087
Hlutdeildarfélög	0	41.493

Viðskiptastaða við tengda aðila greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Kröfur		
Móðurfélag, samstæðufélög	210	458.026
Dótturfélög	1.688.472	1.882.984
Hlutdeildarfélög	0	0

Skuldir

Móðurfélag, samstæðufélög	75.869	55.318
Dótturfélög	294.436	383.265
Hlutdeildarfélög	0	0

Útistandandi kröfur eru vegna viðskipta sem eru sambærileg við önnur viðskipti sem félagið á við ótengda aðila. Engar af kröfunum eða skuldunum eru verðtryggðar.

23. Áhættustýring

Stjórnendur fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í starfsemi samstæðunnar. Markmiðið er að leggja mat á þá áhættu sem felst í rekstrinum og tryggja rekstrarhæfi samstæðunnar ásamt því að hámarka arðsemi hagaðila með því að viðhalda jafnvægi milli skulda og eigin fjár. Eftirfarandi eru helstu áhættur sem hafa verið greindar vegna starfseminnar:

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á tjóni sem gæti orðið ef samstæðan getur ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með lausafjárstöðu til að tryggja að samstæðan geti greitt skuldir á gjalddaga. Til viðbótar við núverandi skuldir hefur samstæðan aðgang að lánalínum að fjárhæð 3.597 millj. kr. Gerðar eru áætlanir um lausafjárstöðu 6 mánuði fram í tímann.

Kröfuáhætta

Kröfuáhætta er hættan af fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar og stafar hættan aðallega af áhættu tengdri viðskiptakröfum samstæðunnar. Umfang kröfuáhættu ræðst fyrst og fremst af eiginleikum hvers viðskiptavinar. Um 89% af tekjum félagsins eru vegna fimm stærstu viðskiptavina félagsins. Undanfarin ár hefur tap af viðskiptakröfum verið óverulegt.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af gengisáhættu og vaxtaáhættu. Gengisáhætta er hættan á því að breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði eigna og skulda hennar. Sölutekjur samstæðunnar eru að mestu leyti í EUR, GBP og USD en rekstrarkostnaður er að miklu leyti í íslenskum krónum. Lántaka samstæðunnar samanstendur af skammtímalánum í íslenskum krónum að fjárhæð 2.803 millj. kr. og langtímalánum í evrum að fjárhæð 10.366 millj. kr. Vaxtaáhætta er hættan á því að framtíðarsjóðsstreymi fjármálagerna sveiflist vegna breytinga á markaðsvöxtum. Lán samstæðunnar bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki varið sig gegn vaxtaáhættu með notkun afleiðusamninga. Önnur markaðsáhætta tengd fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum er metin óveruleg þar sem um er að ræða óverulegan hluta af starfsemi samstæðunnar.

Viðauki I. Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2022 og er birt samhlíða ársreikningi fyrir það ár.

Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf. eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög sem aðgengileg eru á vef Alþingis www.althingi.is. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins eru samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarháttayfirlýsingar, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Ísland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er þáttur í innleiðingu góðra stjórnarháttayfirlýsinga hjá félaginu með það fyrir augum að styrkja innviði þess og auka gagnsæi í starfsemi. Góðir stjórnarháttayfirlýsingar leggja grunninn að vandaðri stjórnun og ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli eigenda, stjórnar, stjórnenda og annara hagaðila.

Í samþykktum félagsins, sem voru uppfærðar 14. janúar 2019 er nánar kveðið á um fyrirkomulag í starfsemi félagsins.

Rekstur FISK Seafood

FISK Seafood er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði. Hlutverk félagsins er að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi í sátt við samfélagið og umhverfið.

Rekstur félagsins er háður ítarlegu regluverki og opinberu eftirliti hvað varðar fiskveiðar, vinnslu og sölu á afurðum. Félagið leggur áherslu á að viðhafa og fylgja eftir skýrum ferlum og eftirlitskerfum svo að tryggt verði að rekstur félagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum á hverjum tíma.

Stjórnendur félagsins viðhafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar.

Til staðar eru stefnur og markmið vegna öryggis-, siðferðis-, samfélags-, jafnlauna-, sjálfbærni-, umhverfis- og gæðamála. Félagið hefur hlotið Marine Stewardship Council (MSC) vottun á sviði rektanleika afurða. Einnig er félagið með virka Sedex vottun og jafnlaunavottun skv. ÍST85:2012 staðli.

Innra eftirlit, áhættustýring og árangursmat

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri FISK Seafood leggja áherslu á vöktun og eftirfylgni í áhættustjórnun félagsins. Áhættustjórnun felur í sér reglulegt innra eftirlit þar sem fylgst er með og fjárhagslegar áhættur í rekstri greindar og kynntar fyrir stjórn á stjórnarfundum. Helstu fjármálalegu áhættur sem hafa áhrif á félagið eru gjalmiðlaáhætta, vaxtaáhætta og lausafjáraáhætta.

Innra eftirlit FISK Seafood byggir á skýru skipulagi og aðgreiningu starfa. Reglubundin uppgjör eru mikilvægur hluti innra eftirlits og er fylgst vel með gæðum upplýsinga og helstu kerfa. Stjórn FISK Seafood ber ábyrgð á innra eftirliti en endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og fylgist m.a. með skilvirkni innra eftirlits til samræmis við skyldur sínar.

Á árinu 2022 komu ekki upp nein frávik frá leiðbeiningum um góða starfshætti. Einnig voru engin mál vegna brota á lögum og/eða reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilar hafa ákvarðað.

Stjórn og starfsreglur stjórnar

Í stjórn FISK Seafood eru fimm stjórnarmenn og fimm til vara. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn og fer kosning fram á aðalfundi félagsins. Stjórn ber ábyrgð á því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um félagið og góða viðskipta- og stjórnarháttayfirlýsingar. Stjórnin sinnir stefnumótun og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn skal einnig hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum félagsins. Í stjórn félagsins sitja þrjú karlar og tvær konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnun stórra félaga.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir því að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirliti og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga auk þess sem starfsemi sé í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn skulu starfa af heiðarleika og heilindum, kynna sér vel þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð samkvæmt starfsreglum stjórnar.

Fundaáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Fundarboð vegna stjórnarfunda er sent á stjórnendur félagsins með tölvupósti með hæfilegum fyrirvara fyrir hvern fund. Stjórnarformaður stýrir fundum og fundargerðir eru samþykktar af stjórn og framkvæmdastjóra.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem meðal annars er að finna ákvæði um skiptingu starfa innan stjórnar, verksvið stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, verklag og reglur um fundarsköp, upplýsingagjöf og fleira. Hver stjórnarmaður skal koma í veg fyrir að málefni hans, hvort heldur sem eru persónulegs eða viðskiptalegs eðlis, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunarárekstra milli hans og félagsins samkvæmt ákvæðum starfsreglna stjórnar. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar þann 14. janúar 2019.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins. Formaður stjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema að stjórn ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni.

Á starfsárinu 2022 voru haldnir 12 stjórnarfundir. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja stjórnarfundum og ritar fjármálastjóri fundargerðir stjórnarfunda.

Viðauki I. Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

Skipan stjórnar FISK Seafood 2022-2023

Pórólfur Gíslason, fæddur 1952 hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 1989 og er stjórnarformaður félagsins. Pórólfur er með stúdentspróf frá Samvinnuskólanum á Bifröst og hefur starfað sem kaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga síðan 1988. Pórólfur hefur víðtæka stjórnunar- og rekstrarreynslu.

Ingileif Oddsdóttir er fædd 1964 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011. Ingileif er með BA-gráðu í sálfræði og kennsluréttindi í uppeldis- og kennslufræðum, meistargráðu í náms- og starfsráðgjöf og með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur starfað sem skólameistari Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra frá árinu 2011. Áður hafði hún starfað sem framhaldsskólakennari og náms- og starfsráðgjafi.

Bjarni Maronsson er fæddur 1949. Hann hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011, fyrst sem varamaður í stjórn en aðalmaður síðan 2012. Bjarni er með B.Sc. próf í búvísindum frá Bændaskólanum á Hvanneyri, auk þess að vera búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal. Bjarni er kominn á eftirlaun en áður starfaði hann sem héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins á Norðurlandi vestra og sem starfsmaður Búnaðarsambands Skagfirðinga auk kennslu og fleiri verkefna tengdum landbúnaði og bústörfum.

Herdís Á Sæmundardóttir er fædd 1954 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2013. Herdís er með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur starfað sem sviðsstjóri fjölskyldusviðs hjá sveitarfélaginu Skagafirði frá 2008. Áður starfaði hún sem fræðslustjóri hjá sveitarfélaginu Skagafirði auk þess að hafa gegnt stöðu stjórnarformanns Byggðastofnunar og verið formaður ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sigurjón R. Rafnsson er fæddur 1965 og hefur verið aðalmaður í stjórn FISK Seafood frá árinu 1996. Sigurjón er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal og viðskiptafræðingur með cand.oecon. gráðu frá Háskóla Íslands. Sigurjón hefur starfað frá 1993 hjá Kaupfélagi Skagfirðinga svf. og verið aðstoðarkaupfélagsstjóri frá árinu 1995. Sigurjón hefur víðtæka rekstrarreynslu hjá KS og dótturfélögum og einnig sem stjórnarmaður í mörgum fyrirtækjum.

Í varastjórn sitja Pétur Pétursson, Guðrún Sighvatsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Hjörtur S. Geirmundsson og Viggó Jónsson. Bakgrunnur, menntun og aldur stjórnarinnar er fjölbreyttur og hafa stjórnarmenn víðtæka reynslu.

Friðbjörn Ásbjörnsson er framkvæmdastjóri FISK Seafood. Hann er fæddur árið 1984 og uppalinn við sjóinn á Snæfellsnesi. Friðbjörn brautskráðist frá Fjölbrotaskólanum í Ármúla og hefur m.a. lokið námi við Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík fyrir stjórnendur í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Friðbjörn er með skipstjórnar- og vélstjóraréttindi. Hann hóf ásamt bræðrum sínum störf við útgerðarfyrirtæki foreldra sinna, Nesver, strax á unglingsárum. Meðfram námi sínu til stúdentsprófs og að því loknu starfaði hann einnig að uppbyggingu og rekstri fiskmarkaða og vann við kvótamiðlun um árabíl. Friðbjörn hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Soffaníasar Cecilssonar ehf. frá 2017 og framkvæmdastjóra FISK Seafood frá 2018 eftir að hafa starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá félaginu.

Stjórn félagsins hefur hingað til hvorki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd né starfskjaranefnd og hefur sjálf séð um hlutverk þeirra.

Endurskoðunarnefnd FISK Seafood er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin hefur sett sér starfsreglur. Eftirfarandi einstaklingar skipa endurskoðunarnefnd: Gunnar Þór Ásgeirsson (formaður), Ingileif Oddsdóttir og Herdís Á Sæmundardóttir.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, félagsmanna, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt á stjórnarfundi FISK Seafood þann 25.5.2023

Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

FISK Seafood ehf. er sjávarútvegsfyrirtæki sem gerir út fiskiskip og heldur úti veiðum, vinnslu og sölu á sjávarafurðum. Félagið leggur áherslu á einfaldan og sjálfbæran rekstur, markvissa nýtingu aflaheimilda og einsleita vinnslu sem ætlað er að hámarka virði framleiðslunnar. Áhersla er lögð á að veiðar og vinnsla afurðanna sé í góðri sátt við umhverfi og samfélag. FISK Seafood sérhæfir sig í framleiðslu á sjófrystum- og léttisöltuðum afurðum auk framleiðslu á hefðbundnum saltfiski. FISK Seafood er með starfsstöðvar á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Stærstur hluti af umsvifum FISK Seafood er á Sauðárkróki þar sem aðalskrifstofa félagsins er staðsett. Þaðan gerir félagið út þrjú skip, frystiskip og tvö ferskfiskiskip auk eins krókabáts. Á Sauðárkróki er bolfiskvinnsla sem framleiðir léttisaltaðar afurðir auk framleiðslu á þurrkuðum hliðarafurðum. Dótturfélag FISK Seafood, Soffanías Cecilsson, er staðsett í Grundarfirði og sérhæfir sig í framleiðslu á hefðbundnum flöttum saltfiski. Þar gerir FISK Seafood út eitt ísfiskiskip og einn krókabát en dótturfélagið Soffanías Cecilsson gerir út eitt ísfiskiskip.

Heildarfjöldi stöðugilda beggja félaganna um áramótin 2022/2023 var 269.

FISK Seafood hefur á síðustu árum aukið kvótahlutfall sitt til muna en á móti hafa kvótaskerðingar reynst félaginu áskorun. Á síðustu árum hafa verið gerðar stjórnunarlegar breytingar og hefur FISK Seafood unnið að einföldun félagsins, meðal annars með því að draga sig að mestu leyti úr beinni sölu afurða. Félagið á hlut í Icelandic Seafood International sem sér að langstærstum hluta um sölupáttinn. Stærstu markaðslönd félagsins árið 2022 voru Spánn og Bretland. Einnig voru afurðir félagsins seldar til Portúgals, Ítalíu, Brasilíu, Nígeríu og fleiri landa.

Þróun á starfsemi FISK Seafood er háð nokkrum utanaðkomandi þáttum sem það getur lítil sem engin áhrif haft á. Félagið er m.a. háð menningu og neyslu í Suður-Evrópu á framleiðsluafurðunum og það er einnig háð kvótasetningu og lagaramma hvers tíma utan um sjávarútveg á Íslandi.

Fjórða iðnbýltingin, einkum í tækniþróun á véla- og hugbúnaði, mun án vafa einnig breyta miklu í starfsemi. Erfið og einhæf störf verða að mestu leyti leyst af hólmi sem í staðinn skapar þörf fyrir iðnmenntað starfsfólk með mismunandi þjálfun og sérþekkingu.

Umhverfismál

FISK Seafood hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og að umgangast auðlindina af virðingu.

Stefna FISK Seafood er að þróa reksturinn áfram með sjálfbærum veiðum og vinnslu með því að leita leiða til að draga úr mengun frá starfsemi. Árið 2021 hófst undirbúningur að kolefnisjöfnun framleiðslunnar með það að markmiði að árið 2040 verði félagið kolefnishlutlaust. Þetta verður gert með því að auka flokkun á úrgangi, minnka urðun, skipta út kælimiðlum, draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og kolefnisjafna reksturinn með skógrækt. Samhliða ársreikningi fyrir starfsárið 2022 birtir FISK Seafood árs- og sjálfbæriskýrslu sem tekur á meginþáttum stjórnunar-, samfélags-, og umhverfis.

Vinna er hafin við að innleiða rafrænt skráningarkerfi sem tekur saman helstu tölur er varða samfélags-, umhverfis- og stjórnunarlega þætti félagsins til að auðvelda árangursmat.

Eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hefur dregist saman síðustu árin miðað við veiddan afla. Með sameiningum fyrirtækja í sjávarútvegi hefur skipum fækkað, þau stækkað og tækninni fleygt fram. Ennþá eru samt langmestu umhverfisáhrif starfseminnar vegna eldsneytisnotkunar.

Samfélagsmál

Félagið vinnur samkvæmt samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og einsetur sér að fylgja henni auk þess að gera betur þar sem tækifæri gefast til. Samhliða útgáfu ársreiknings fyrir árið 2022 gefur FISK Seafood út árs- og sjálfbæriskýrslu. Útgáfa hennar er hluti af ársuppgjöri félagsins þar sem gerð er grein fyrir samfélagsábyrgð þess og þeim verkefnum sem unnin eru ásamt lykilmælikvörðum á ófjárhagslegar upplýsingar. Skýrslan er aðgengileg á vef félagsins.

FISK Seafood er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga sem er samvinnufélag og hafa því samfélagsmál ávallt verið stjórnendum félagsins ofarlega í huga. Auk margskonar fjárhagslegra styrkveitinga til félagasamtaka hefur FISK Seafood m.a. tekið frumkvæði í nýsköpun, þróunarverkefnum og umhverfismálum og tekið þátt í fræðslustarfi skólanna á heimaslóðum með ýmsum hætti auk margþætts fræðslustarfs til þess að auka öryggi starfsfólks félagsins.

Á meðal markmiða okkar er að gera betur í myndun svokallaðrar samfélagsverkefnakeðju. Í því felst að vera fyrirmynd annarra með því að ráðast í þörf verkefni í nærsamfélaginu og hvetja að auki aðra til þess að taka þátt eða fylgja í kjölfarið.

Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ábyrgar fiskveiðar, rekjanleiki afurða og gæði

Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, og raunar heimsbyggðarinnar, að nýting fiskistofna sé sjálfbær. FISK Seafood kappkostar að ganga vel um auðlindir hafsins með gagnsæjum og rekjanlegum veiðum jafnframt því að fara í hvívetna að lögum, reglum og samþykktum um veiðar. Til að staðfesta hollustu félagsins við sjálfbæra nýtingu auðlinda og ábyrgar fiskveiðar hefur félagið hlotið IRF vottun (Iceland Responsible Fisheries) auk þess sem lögbundið eftirlit Fiskistofu fer fram.

Árið 2011 stofnuðu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátæigenda félagið Ábyrgar fiskveiðar ses. Tilgangurinn var að annast rekstur vörumerkja um ábyrgar fiskveiðar, gerð og viðhald samninga um vottun ábyrgra fiskveiða, miðlun upplýsinga um fiskveiðar Íslendinga, með sérstakri áherslu á kaupendur og neytendur íslenskra sjávarafurða, og önnur skyld verkefni. Markmið félagsins er að stuðla að og viðhalda ábyrgum fiskveiðum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. FISK Seafood er aðili að þessu félagi í gegnum Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

FISK Seafood er hluthafi í ISF (Iceland Sustainable Fisheries). Félagið var stofnað 2012 af nokkrum fyrirtækjum sem stunda veiðar, framleiðslu og sölu á íslenskum sjávarafurðum víða um heim. FISK Seafood starfar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sem hafa það að markmiði að tryggja rekjanleika afurða frá veiðum til kaupanda auk þess að vinna eftir kerfum sem fela í sér hættugreiningu sem hámarkar gæði og öryggi afurða. Einnig er FISK Seafood með MSC rekjanleikavottun (Marine Stewardship Council) í skipum og vinnslum. Sú vottun tryggir rekjanleika frá veiðisvæði til kaupanda.

Starfsmannamál

FISK Seafood er stolt af starfsfólki sínu. Markmið félagsins er að stuðla að vellíðan og heilbrigði starfsfólksins með því að tryggja því heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi með góðum aðbúnaði. Félagið leggur áherslu á fjölskylduvænt umhverfi þar sem jafnvægi er á milli vinnu og einkalífs. FISK Seafood býður öllu starfsfólki kort í sundlaugar Skagafjarðar og Grundarfjarðar því að kostnaðarlausu. Félagið mun áfram bjóða öllu starfsfólki sínu upp á árlega inflúensubólusetningu og almenna heilsufarsskoðun. Þá bjóðum við starfsfólki upp á fjölbreytt og heilsusamlegt fæði, morgunverð og heimilismat í hádeginu auk aðgengis að næringarríkum millimálabítum allan vinnudaginn þeim að kostnaðarlausu.

Heildarfjöldi starfamanna í lok árs 2022 var 278. Kynjahlutfall starfa er karlar 78% og konur 22% og skýrist sá munur helst af því að sjómenn fyrirtækisins eru nær eingöngu karlmenn.

FISK Seafood leggur mikla áherslu á öryggismál og bera stjórnendur deilda ábyrgð á þeim. Á öllum starfsstöðvum eru starfandi öryggisráðgjafarmenn sem eru kosnir af starfsfólkinu og öryggisfulltrúar sem eru skipaðir af yfirmönnum deilda. Að auki starfa öryggisnefndir innan hvernar deildar og vinna markvisst að fækkun slysa með eftirliti, ítarlegri skráningu á óhöppum og lærdómi sem af þeim má draga. Unnið er út frá því að hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á eigin öryggi og eru þeir hvattir til að tilkynna hvers kyns misbrestir á öryggisþáttum. Allir starfsmenn hafa aðgang að slysaskráningarkerfi okkar, ATVIK, og geta þeir skráð tilkynningar eða ábendingar hvort heldur sem er undir nafni eða nafnleynd. Á þessum vettvangi getur starfsfólk tilkynnt um óhöpp, minniháttar slys, fjarveruslys, ógn, áreitni, ofbeldi eða einelti auk ábendinga um allt það sem betur mætti fara á vinnustaðnum.

FISK Seafood hefur innleitt leiðbeiningar Eldvarnabandalagsins á öllum starfsstöðvum félagsins í landi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu starfsfólks á eldvörnum og gera það meðvitaðra um viðbrögð sem t.d. skapast í kringum vinnu með neista.

Mannréttindamál

FISK Seafood virðir almenn mannréttindi, gildandi kjarasamninga og önnur lögbundin réttindi fólks og mismunar ekki starfsfólki út frá kyni, kynhneigð, uppruna eða trú. Félagið hefur einsett sér að óútskýrður launamunur fari ekki yfir 5% og til að tryggja það hefur FISK Seafood innleitt launastefnu. Þessu til stuðnings hefur félagið hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85:2012 staðli. FISK Seafood vill nýta öll tækifæri sem gefast til að opna metnaðarfullu starfsfólki leiðir til að þróast í starfi. Félagið leitast stöðugt leiða til þess að samþætta óskir hvers starfsmanns við þarfir fyrirtækisins og leggja þannig grunn að árangursríku samstarfi sem byggir á því að þroska og nýta hvert tækifæri til sóknar sem gefst.

Siðareglur, mútur og spilling

FISK Seafood hefur sett sér siðareglur þar sem félagið leggur áherslu á tvo meginþætti. Félagið býður hvorki né greiðir mútur, sama hvar viðskipti eru stunduð, hverjar sem aðstæðurnar eru og hver sem í hlut á. Að auki heimilar félagið hvorki fulltrúum sínum né birgjum að gera slíkt. Starfsmenn félagsins fara hvorki fram á né samþykkja neinn fjárhagslegan greiða eða annars konar gjafir tengdar eða ótengdar störfum sínum.

Stjórn FISK Seafood leggur áherslu á að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir og að þeir uppfylli þau viðmið sem gilda um góða viðskiptahætti. Félagið virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis. Við krefjumst þess að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum og reglum óháð því hvort þeir séu sjálfstætt starfandi eða undirverktakar. Vinnumansal er aldrei líðið.